

Miðvikudaginn 23. febrúar 1983.

Nr. 240/1982. **Jón Ólafsson**

gegn

Ingólfi Guðnasyni vegna

byggingarnefndar fyrir íbúðir aldraðra á

Hvammstanga.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. nóvember 1982, er barst Hæstarétti 14. desember s. á. Kærir hann þar þá ákvörðun þinglýsingardómarans í Hafnarfirði 26. október 1982 að afmá aflýsingu á tryggingarbréfi, sem út var gefið 26. ágúst 1981, en þinglýst var við embættið 27. ágúst s. á. og aflýst var 12. nóvember s. á. Krefst sóknaraðili þess, að úrlausn þinglýsingardómarans 26. október 1982 verði hrundið og aflýsing sú, er fram fór 12. nóvember 1981, verði staðfest. Þá krefst hann þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hin kærða úrlausn þinglýsingardómarans verði staðfest og sóknaraðilja dæmt að greiða sér kærumálskostnað.

Mál þetta er kært samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 39/1978. Eigi var glögg, hvenær sóknaraðili fékk vitneskju um hina kærðu þinglýsingarathöfn, og verður við það að miða, að kæra hans sé nógu tímanlega fram komin, sbr. 1. málsg. 22. gr. laga nr. 75/1973 og 3. gr. laga nr. 39/1978.

Samkvæmt gögnum máls verður að telja, að varnaraðili, byggingarnefnd fyrir íbúðir aldraðra á Hvammstanga, sé einnig hinn sami og framkvæmdanefnd Dvalarheimilis aldraðra, Hvammstanga, sem greind er í framangreindu tryggingarbréfi 26. ágúst 1981.

Þinglýsingardómariinn Júlíus Magnússon, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978 sent greinargerð sína um hina kærðu dómsathöfn. Er hún svofelld:

„Hinn 26. ágúst 1981 var móttækið til þinglýsingar tryggingarbréf, útgefið þann dag af kæranda máls þessa, Jóni Ólafssyni, til

framkvæmdanefndar Dvalarheimilis aldraðra, Hvammstanga, c/o Ingólfur Guðnason, að fjárhæð kr. 150.000. Með bréfi þessu veðsetur kærandi fasteign sína, Vesturvang 2, Hafnarfirði, með 13. veðrétti.

Skjali þessu var þinglýst og fært inn í fasteignabók embættisins 27. ágúst s. á. með þeirri athugasemd, að áhvílandi veðskuldir á undan væru að fjárhæð kr. 1.050.500, en þær voru í skjali þessu sagðar kr. 1.050.300.

Í janúarmánuði 1982 ræddi Kristján Ólafsson héraðsdómslögmaður við þinglýsingardómara og spurðist fyrir um það, hvort umrætt tryggingarbréf hvíldi enn á umræddri fasteign. Við athugun kom í ljós, að bréfinu hafði verið aflýst 12. nóvember 1981. Tjáði lögmaðurinn dómara þá, að rétthafi bréfsins, sem þá var skjólstæðingur hans, hefði ekki áritað frumrit bréfsins og heimilað aflýsingu þess.

Dómari kallaði fyrir sig útgefanda bréfsins, kæranda í máli þessu, Jón Ólafsson. Hann jataði það fyrir dómara, að hann hefði komið með frumrit bréfsins og fengið því aflýst. Dómari skoraði á kæranda að sýna dómara frumritið, til þess að hann gæti gengið úr skugga um, að því hefði verið aflýst með löglegum hætti, þ. e., að áritun væri á bréfinu frá rétthafa skv. þinglýsingarbókinni, sem heimilaði aflýsingu bréfsins. Kærandi færðist undan að afhenda bréfið, en lofaði þó að afhenda dómara ljósrit þess. Þá færðist kærandi enn fremur undan að skýra dómara frá því, hvaða áritun var á bréfinu, sem heimilaði aflýsingu þess. Var honum gert ljóst, að eina leiðin, til að bréfi þessu hefði fengist aflýst, væri, að á því væri áritun, sem gæfi til kynna, að hún stafaði frá rétthafa bréfsins og heimilaði skýlaust, að bréfinu mætti aflýsa. Voru brýnd fyrir kæranda ákvæði hegningarlaga og þinglýsingarlaga í þessu sambandi. Kærandi hefur ekki sýnt dómara frumrit það eða ljósrit af því, sem hann kom með til aflýsingar 12. nóvember 1981.

Með bréfi, dags. 23. september s. l., fór Ingólfur Hjartarson, hdl., fram á það fyrir hönd rétthafa umrædds bréfs, að aflýsingin yrði leiðrétt og fyrri þinglýsingarskráning frá 26. ágúst 1981 lätin standa óbreytt. Dómari ákvað hinn 26. október 1982 að verða við þessari kröfu. Var bréfið þann dag fært á ný inn á fasteignabókinni, og sama dag tilkynnti dómari þessa ákvörðun með

ábyrgðarbréfum útgefanda bréfsins, kæranda máls þessa, Ingólfi Hjartarsyni, hdl., f. h. kærða, svo og aðilum, er eignast höfðu veðrétt í hinni veðsettu eign á eftir umræddri veðsetningu.

Með bréfi, dags. 10. nóvember 1982, fór Jón Oddson, hrl., þess á leit við dómara, að hann afturkallaði ákvörðun sína um færslu bréfsins á eignina á ný. Ekki var talin ástæða til að verða við þessum tilmælum.

Dómari litur svo á, með vísan til þess, sem að framan er rakið, svo og gagna málsins, að umræddu tryggingarbréfi hafi hinn 12. nóvember 1981 verið aflýst af fasteigninni Vesturvangi 2, Hafnarfirði, án þess að skilyrði 39. gr. laga nr. 39, 1978, um þinglýsingar, hafi verið uppfyllt. Því hafi, er ábending og krafa kom um það frá réttshafa bréfsins, verið rétt að færa umrætt bréf inn á fasteignina á ný. Ekki verður fallist á það með kæranda, að honum hafi verið heimilt að láta aflýsa bréfinu, þar sem hann hafi verið handhafi þess og aldrei afhent gagnaðila sínum. Þegar er skjalinu hafði verið þinglýst, tóku að gilda um það reglur þinglýsingarlaga, sem geyma í 39. gr. reglur um það, hvenær aflýsa skuli skjölum, sem þinglýst hefur verið.

Svo sem greinargerð þinglýsingardómarans ber með sér, var tryggingarbréfinu 26. ágúst 1981, sem er nafnbref samkvæmt orðalagi sínu, þinglýst 27. s. m., en því var aflýst hinn 12. nóvember s. á. Eftir að athugasemd hafði verið gerð um þá aflýsingu af hálfu veðhafans samkvæmt bréfinu, varnaraðilja í kærumáli þessu, kvaddi þinglýsingardómariinn sóknaraðilja á sinn fund og gekk á hann um að sýna frumrit tryggingarbréfsins og sýna fram á heimildir til aflýsingar á því. Eru eigi bornar brigður á, að sóknaraðili hafi færst undan því. Felldi þinglýsingardómari að svo vöxnu hinn 26. október 1982 úr gildi aflýsinguna frá 12. nóvember 1981.

Eins og málið horfir nú við, þykir eiga að staðfesta úrlausn þinglýsingardómara hinn 26. október 1982 að því er varðar niðurfellingu aflýsingar 12. nóvember 1981, og er vísað til 1. mgr. 27. gr. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 39/1978. Eigi verður í kærumáli þessu kveðið á um, hvar í röð skipa skuli veðrétti varnaraðilja í veðandlaginu, fasteigninni Vesturvangi 2 í Hafnarfirði.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærða úrlausn þinglýsingardómarans í Hafnarfirði á að vera óröskuð.

Sóknaraðili, Jón Ólafsson, greiði varnaraðilja, Ingólfi Guðnasyni vegna byggingarnefndar fyrir íbúðir aldraðra á Hvammstanga, 5.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1983.

Nr. 34/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Óla Guðmundi Jónssyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Bifreiðar. Ákæra fyrir brot gegn umferðarlögum. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Ríkissaksóknari, sem krefst staðfestingar héraðsdóms, hefur fallið frá kröfu um, að brot ákærða verði fært til 24., sbr. 33. gr. áfengis-laga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ágrip barst Hæstarétti 15. júlí 1982.

Eftir uppsögn héraðsdóms hafa fjórir menn borið vitni að ósk ríkissaksóknara fyrir sakadómi Keflavíkur vegna málsins. Af framburði lögreglumanna þeirra, sem stöðvuðu ákærða við aksturinn, og varðstjóra þess, sem skýrslu tók af honum, kemur ekki fram, að ákærði hafi borið nein sýnileg ölvunarmerki, og Eyjólfur Árni Kristinsson vörubifreiðarstjóri, sem kveðst hafa hitt ákærða í Grindavík þennan morgun og talað þar við hann, segist enga áfeng-